

Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 126. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og í fjarfundi, mánudaginn 15. apríl 2024, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrésson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Eyrún Fríða Árnadóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Sigríður Arna Arnþórsdóttir, varafulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Skaftafell, Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn, Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn, Ingibjörg Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs.

Forföll:

Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði – Skaftafell.

1. Suðursvæði - af vettvangi stjórnar - 2203070

Formaður svæðisráðs fer yfir mál af vettvangi stjórnar.

Nýskipuð stjórn kom saman síðastliðinn föstudag. Auk venjubundinna dagskrárliða, var skýrsla Deloitte: "Greining á mögulegri aðkomu einkaaðila að uppbyggingu á nauðsynlegum innviðum í þágu náttúruverndar og ferðamennsku við Jökulsárlón" kynnt. Einnig kynnti Haukur Ingi Einarsson, formaður Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, sýn félagsins á framtíðaruppbyggingu við Jökulsárlón. Svæðisráði, þjóðgarðsvörðum og aðstoðarþjóðgarðsvörðum á suðursvæði, bauðst að sitja fundinn undir framangreindum kynningum.

Framkvæmdastjóri greindi frá næstu skrefum í málinu.

2. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða - 2001003

Þjóðgarðsverðir fara yfir málefni svæðisins.

Þjóðgarðsverðir sögðu frá starfseminni frá síðasta svæðisráðsfundi. Í Skaftafelli hefur ferðafólki sem gistir á tjaldsvæðinu fjölgað mikið, eða um 87% í mars miðað við mars 2023. Þrjár sýningar eru á lokametrunum, ný fræðslusýning í Skaftafellsstofu, ljósmyndasýning í betri stofunni í Skaftafelli og sýning tengd Barnamenningarhátíð sem opnar í Perlunni í næstu viku. Einnig var sagt frá verkefnum sjálfbóðaliða Umhverfisstofnunar í sumar og samstarfi varðandi flutning innfluttra



trjátegunda úr Skaftafelli á Fagurhólsmýri og í Freysnes. Ef frá er talinn veitingavagn á tjaldsvæðinu, þá lítur út fyrir að ekki verði veitingasala í Skaftafelli í sumar. Samningur núverandi rekstraraðila rennur út í lok maí. Svæðisráð felur starfsfólki að kynna hugmyndir um nýtt fyrirkomulag á næsta svæðisráðsfundi.

Á austurhluta suðursvæðis er verið að heilsársráða þrjá landverði og fastráða aðra þrjá. Nýtt starf sérfræðings á skrifstofu á Höfn er í auglýsingu. Sá sérfræðingur mun m.a. vinna í atvinnumálum og leyfismálum. Margar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Breiðamerkursandi. Útboð fyrir ný bráðabirgðasalarni við Jökulsárlón fer í loftið á næstu dögum. Brýnt er að því máli ljúki fyrir sumarið. Farið verður í endurbætur á aðalbílastæðinu á næstu vikum, svo það verður líklega einhver truflun á starfsemi. Rúmlega 86.000 gestir komu að Jökulsárlóni í mars, sem er nýtt met í mars. Áður höfðu mest komið um 75.000 gestir í mars 2019.

3. Jökulsárlón - útboð veitingavagna 2024-2026 - 2402080

Farið yfir niðurstöður úthlutunar samninga vegna veitingavagna við Jökulsárlón.

Þjóðgarðsvörður á Höfn greindi frá niðurstöðunum. Sjö umsóknir bárust, sem allar voru metnar gildar. Niðurstaðan varð sú að gengið var til samninga við þau þrjú fyrirtæki sem buðu hæstu greiðslurnar.

4. Heinabergslón - útboð kajaksiglinga - 2311032

Þjóðgarðsvörður á Höfn kynnir hugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi kajaksiglinga á Heinabergslóni.

Stefnt er að því að auglýsa haustið 2024 og að samningur myndi gilda frá árinu 2025, í t.d. þrjú til fimm ár. Starfsfólki falið að vinna málið áfram.

Fundargerð ritaði: Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarþjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 12:00.